GLÖGGT ER GESTS AUGAÐ

ÚRVAL FERÐASAGNA UM ÍSLAND

SIGURÐUR GRÍMSSON
VALDI KAFLANA
OG SÁ UM ÚTGÁFUNA



Reykjavík 1946
MENNINGAR- OG FRÆÐSLUSAMBAND ALÞÝÐU

DITHMAR BLEFKEN:

Islandia

Árið 1607 kom út í Leyden á Hollandi bók, sem nefnist Islandia, sive populorum et mirabilium quae in ea insula reperiuntur accuratior descriptio. Höfundur bókarinnar, Dithmar Blefken, segir hér frá för sinni til Íslands árið 1563, og lýsir hann landi og þjóð að nokkru. Ekki kunna menn önnur skil á höfundi bókarinnar en þau, sem lesa má í kverinu sjálfu, en í formála þess segir hann frá því, er á daga hans dreif næstu árin eftir Íslandsförina og tafði útkomu bókarinnar í 44 ár. Er sú frásögn öll með ærnum ævintýrabrag, t. d. féll hann einu sinni í ræningjahendur. Tóku þeir af honum allan farangur hans, þar á meðal handrit bókar þessarar, flettu hann klæðum og særðu hann 23 sárum. Sex árum seinna fannst bókarkornið þó aftur, og liðu þó nítján ár, unz höfundur gat komið því við að gefa bók sína út.


Ferðasaga Blefkens er vafalaust illræmdasta rit, sem nokkru sinni hefur verið skrifað um Ísland, og fannst Arngrími Jónssyni lærða svo mikið um blekkingar Blefkens, að hann réðst í að rita bók gegn henni. Nefnist hún Anatome Blefkeniana og kom út á Hólum 1612. Kryfur Arngrímur frásagnir Blefkens til mergjar af miklum lærdómi og skarpskyggni á sinna tíma vísu og með beizku háði, hrekur þær lið fyrir lið og tætir sundur. En bók Blefkens varð engin dægurfluga. Í hundrað og fimmtíu ár var hún meginuppistaðan í allri þekkingu erlendra manna á Íslandi, og rofar þar ekki til fyrr en ferðabækur þeirra Horrebows og Eggerts og Bjarna komu út. Mun varla ofmælt, að Blefken sé frægastur allra erlendra manna, sem um Ísland hafa skrifað. Bók hans kom út í hverri útgáfunni á fætur annarri og var þýdd á ýmis tungumál. Auk þess tóku margir höfundar meiri eða minni glefsur úr bókinni lítt breyttar upp í rit sín. Ýmsir hafa efað, að Blefken hafi nokkru sinni til Íslands komið, og talið bókina skröksögu frá upphafi til enda. Vel má það vera, en ekkert mælir gegn því, að Blefken hafi komið hingað með þýzkum kaupmönnum, eins og hann segir sjálfur. Þekking hans á landi og

þjóð hefur verið sáralítil umfram almennar sögusagnir, sem gengu um landið meðal erlendra manna. Voru margar slíkar sögur á kreiki í landfræðibókum þeirra tíma, og verða þær sumar raktar til ýmissa eldri heimilda, þó að ekki sé þess kostur hér. Þó að nútímamönnum kunni að blöskra fáfræði Blefkens og barnaskapur, verða þeir þó að hafa það hugfast við lestur bókarinnar, að slíkum fjarstæðum var almennt trúað á þeim tímum. Margt af því, sem Blefken fræðir okkur á, var á hans dögum hluti af menntun hinna lærðustu manna, þáttur í heimsskoðun samtíðarinnar.
Aftast í bók Blefkens er kafli um Grænland, og svipar honum mjög til Íslandslýsingarinnar. Hefur sá kafli verið felldur niður í þýðingu ásamt formála bókarinnar.

Það var árið 1563, að tveir Hamborgarkaupmenn ákváðu að sigla til Íslands. Að fornri venju kusu þeir að hafa einhvern drottins þjón með í förinni og leituðu nú til Hamborgarklerka, að þeir sæju þeim fyrir presti. Þá var sá biskup Hamborgarkirkju, er hét doktor Paulus ab Etzen. Ég dvaldist í Hamborg og beið eftir bókum mínum frá Rostoch. Hafði ég kynnzt Paulusi og prestum borgarinnar. Mér var nú falið þetta starf, og tókst ég það fúslega á hendur og það því fremur, sem ég bar í brjósti brennandi löngun til þess að kynnast einkennilegum fyrirbærum og ólíkum löndum. Þurfti því ekki miklar fortölur af þeirra hálfu. Stigum við nú á skipsfjöl tíunda apríl og sigldum til Englandsstranda og norður með Skotlandi. Við fórum fram hjá Orkneyjum, en þær eyjar eru fimmtán talsins og flestar óbyggðar sökum gróðurleysis. Færeyjar og Hjaltland eru hins vegar byggð lönd. Hér sáum við fjall mikið, og er fjallstoppurinn ekki ólíkur hettuklæddu munkshöfði. Einnig er þar örugg höfn í öllum veðrum, og munkur þessi hefur mörgum úr nauðum bjargað. Fjórtánda júlí grilltum við í Ísland. Það virtist órafjarri, líkt og kólgubakki. Næsta dag tókum við land í höfninni Haffnefordt [1]) á suðurströndinni.

Ísland er hrjóstrugt land, fjöllótt og snjóasamt og er talið helmingi stærra en Sikiley. Ætla menn, að það sé

1) Þ. e. Hafnarfirði.



Kort af Íslandi, sem fylgir einni hollenzku útgáfunni af ferðabók Blefkens.

hundrað mílur á lengd, og staðfestir Olaus Magnus[1]) þá skoðun í elleftu bók sinni. Það dregur nafn sitt af eilífum ís og loftkulda, sem er úr hófi bitur. Þar er ís átta mánuði ár hvert. Engu að síður er þó funheitt í iðrum jarðar, og eldar brenna þar víða. Þessi feiknakuldi eykur aftur hitann í iðrum landsins. Af því að kuldi ríkir þar mestan hluta ársins, að örfáum sumarmánuðum undanskildum, lokar hann öllum æðum í yfirborði jarðar, svo að öll útgufun teppist. Eyland þetta er svo fjarri miðjarðarlínu, að heimskautsbaugurinn skiptir því í miðju, og er því norðlæg breidd þess 65½ gráða. Eyjar þær, er Ebudae heita, eru undan norðurströnd landsins. Hitt er óvíst, hvort það eru þær eða hin stóra eyja Ísland, sem Ptolemeus og aðrir fornir höfundar kalla Thule. Get ég hvorki staðfest það né neitað því með öllu, því að ekkert land finnst nú þar, sem Ptolemeus staðsetti Thule. Þá telja og síðari höfundar hnattlengd og legu Skotlands og nágrannaeyja þess nokkuð aðra en Ptolemeus hugði.

Skal ég nú rekja feril þjóðarinnar frá upphafi, og fer ég þá eftir sannindum íslenzkra árbóka. Það var það drottins ár 900, þá er Alebrand var biskup í Brimum, að nokkrir aðalsmenn í Austur-Frislandi létu úr höfn við Weser. Þeim lék hugur á að finna ókunn lönd á norðurvegum, og sigldu þeir fram hjá Orkneyjum og fundu ey þessa á hjara Evrópu. Var hún að vísu byggileg, en öll snævi þakin. Kölluðu þeir eyna Ísland, fyrir því hversu kalt þar var og stormasamt. Þeir sigldu nú lengra til norðurs, allt að 200 mílur, og fundu þar aðra ey, sem þeir í öfugmælaskyni nefndu Grænland. Þeir reyndu að sigla enn lengra í norður, yfir frosið eða stirðnað haf. Festu þeir skip sín í ísnum, en losnuðu þó úr honum aftur eftir langt og erið erfiði. Lentu þeir þá í hafsvelg og svarta myrkri.

Í myrkviðri þessu og straumiðum fórst allur flotinn, að

---

1) Sænskur fræðimaður 1490—1557. Einkum frægur fyrir kort, er hann gerði af Norðurlöndum.

einu skipi undanskildu. Eftir miklar hættur og hrakninga sigldi það yfir Tataríuhaf og bar nú að mjög heitu landi. Skipið hélt inn í stóran flóa, og fóru skipverjar í land, þar sem fyrst var að komið. Íbúarnir höfðu flúið í fylgsni sín og leitað þar skjóls fyrir hinum mikla hita og sólarbruna. Sáu skipverjar gull og aðra dýrgripi á víð og dreif, án þess að nokkur varðmaður gætti þess. Þeir höfðu á burt með sér eins mikið og þá lysti og hröðuðu sér til skips. Sjá þeir þá, hvar þeim er veitt eftirför, og hafa þeir, er eftir sóttu, með sér hunda furðustóra. Einn skipverja, sem tafðist um of við ránsfeng sinn, komst ekki undan, og rifu hundarnir hann í tætlur. Hinir létu í haf og höfðu langa útivist. Þeim tókst að forðast straumiðurnar og tóku loks land við Moskóvíu. Sigldu þeir þaðan um Eystrasalt til Brima og færðu Alebrand biskupi tíðindi þessi og hluta herfangsins.

Talið er, að um þetta leyti hafi Norðmenn leitað úr Noregi og fylgt þar fordæmi því, er Helvetar gáfu á dögum Júlíusar Caesars. Noregur hafði þá lengi átt þann hluta Frakklands, sem enn heitir Normandie. Þeir réðust á Bretland bæði af sjó og landi og lögðu stund á sjórán og strandhögg. Þeim tókst einnig að hrekja Serki burt af Ítalíu, en þeir voru nýkomnir þangað og reyndu að setjast að í Kalabríu og Apúlíu. Síðar stofnuðu Norðmenn nýlendur í norðurhöfum, á Hjaltlandi, Færeyjum og Íslandi. En vitneskju um siglingaleiðina til Íslands fengu þeir hjá Brimurum, en hún var runnin frá frísnesku aðalsmönnunum, sem fyrr var getið. Þá sannar og móðurmál þeirra, að þeir komu úr Noregi, því að tungutak Íslendinga er í fullu samræmi við mál hinna fornu Norðmanna. En í strandhéruðum Noregs — og einkum þó í hinni kunnu hafnarborg Bergen — hefur málið breytzt fyrir umgengni og kynni við Dani og Þjóðverja.

Um trúarbrögð Íslendinga.

Árið 1398 eftir Krists burð fór Valdimar hinn annar með því nafni með konungdóm í Danmörku. Hann jók Noregi við Danaveldi, og höfðu niðjar hans þetta ríki fram á daga Eiríks hertoga af Pommern og Kristófers af Bæjaralandi. Þá lutu og allar nýlendur Norðmanna Valdimar konungi, og hlutu Íslendingar nú fyrst uppfræðslu í kristnum sið, en höfðu áður dýrkað ókunna guði. Flestar kristnar þjóðir voru þá í viðjum hjátrúar, enda sorglegt villumyrkur og kirkjan nafnið eitt, sem væri hún töfrum tæld. Það hlaut því svo að fara, að þeir, sem fjarst bjuggu lærðum mönnum og við grimmúðlegt og villt loftslag, hneigðust að skurðgoðadýrkun af versta tagi, enda fór svo, sem síðar mun rakið, að þeir tóku djöfla og púka í þjónustu sína eins og hvert annað vinnufólk. En eftir að kunn varð kenning Lúthers, tók Kristján Danakonungur trú hreina og hreinsaði kirkju Danmerkur, Noregs og eyja þeirra, er þjónuðu til hans. Sendi hann nú presta til Íslands að sá þar frækorni fagnaðarboðskaparins. Enn fremur sendi hann prentara frá Danmörku til þess að gefa út biblíuna, kennisetningar Philips Melancthons og rit Urbanusar Regiusar á hinni siðlausu þjóðtungu landsmanna. Skyldu bækur þær vera fyrir presta þá, er fákunnandi voru í latínu, en það voru þeir flestir um þær mundir. Þá sendi konungur og til Íslands eftir hæfum og dugandi mönnum, setti þá í Hafnarháskóla, kostaði sjálfur námið og fékk þeim síðan umráð yfir kirkjum og skólum.

Jafnskjótt og Íslendingar höfðu snúizt til kristinnar trúar, skipaði Valdimar konungur þeim tvo biskupa. Skyldi annar sitja í Scalholden[1]) í austurhluta landsins, en hinn í Hollen[2]) vestanlands. Eftirmenn biskupa þessara eru nú orðið ekki nema nafnið eitt og svipur hjá sjón frá því, sem áður

1) Þ. e. Skálholti.
2) Þ. e. Hólum.

var, enda fá þeir enga tíund nema smjör og fisk. En er Kristján konungur hóf siðabót þá, er fyrr getur, á kirkju Íslands, hóf einn biskupanna í Scalholden samsæri. Hafnaði hann kenningum guðspjallanna og fékk alþýðu til fylgis við sig. Gera þeir nú uppreisn og drepa sendimann konungs. Á næsta ári, en það var 1535, sendi konungur aðalsmann nokkurn með riddaratign til landsins og fékk honum flota, hermenn og skotfæri. Hét sá maður Paul Hitfelt.[1]) Sá ég hann í Danmörku síðar, þá aldurhniginn. Uppreisnarmenn voru felldir, og Hitfelt endurnýjaði siðabótina og hélt aftur til Danmerkur, en skildi eftir aðalsmann nokkurn, er hafa skyldi umsjón með kirkju landsins.

Taddi Bonde[2]) hét sá, er mestur var fyrir sér á Íslandi um þessar mundir. Þegar her konungs var farinn úr landi, gerði hann samsæri við helztu höfðingja landsins, sem hann ginnti til fylgis við sig með völdum sínum og áliti, og rauf trúnað sinn og hollustueiða við konung. Hann fékk og talið svo um fyrir öðrum eyjarskeggjum, að þeir veittu honum brautargengi. Komu þeir nú saman á stað þeim, sem heitir Waloe, ákváðu að gera uppreisn og brjótast undan valdi konungs. Þeir báru saman ráð sín, og með því að Taddi átti víða eignir og marga fylgismenn, ætluðu þeir, að erfitt yrði að vinna bug á uppreisnarmönnum. Biskupinn, sem bjó í austurhluta landsins hafði það hlutverk með höndum að skýra umboðsmanni konungs frá öllu því, sem gerðist. (En umboðsmaðurinn bjó allfjarri og á vesturströnd landsins). Biskupinn hafði lengi verið hatursmaður Tadda, því að í fyrri uppreisninni hafði Taddi kært hann fyrir höfuðsmanninum, borið hann lognum sökum og talið hann upphafsmann samsærisins. Hafði þessi sakaráburður valdið biskupi miklu tjóni og erfiðleikum.

---

1) Poul Huitfeldt (1520—'92) var hér á landi á árunum 1552—'55, en bróðir hans, Christoffer Huitfeldt (1501—'59), kom hingað 1541 og tók Ögmund biskup höndum, eins og kunnugt er.

2) Hér mun átt við Daða bónda í Snóksdal, en honum og Jóni Arasyni brenglað saman.

Umboðsmaður konungs fylgdist vel með því, sem gerðist. Honum tókst að telja ýmsa af samsærismönnunum á að bregða ekki trúnaði og hollustu við konung, og beitti hann þar þeim ráðum, sem bezt dugðu, hét þeim ýmist launum eða hótaði refsingu. Urðu nú margir til að yfirgefa Tadda, er þeir sáu, hvílík hætta var á ferð. Gengu þeir auðmjúklega á fund höfuðsmanns, báðu um fyrirgefningu og hlutu hana. Var Taddi nú lýstur fjandmaður konungs og landsins, og sóru menn þess dýran eið, að þeir skyldu elta hann uppi og taka höndum.

Taddi tók nú að ugga um sinn hag. Tók hann sig upp með nokkra heimamenn sína, og höfðust þeir við nálægt rótum Hekelveld.[1]) En þeir voru umkringdir og menn hans allir drepnir, en hann sjálfur handtekinn. Þeir, sem tóku Tadda, færðu hann biskupi, að hann geymdi hann í fangelsi, en biskup neitaði að veita honum viðtöku. Fóru þeir þá með hann til annars manns, sem var einn af helztu lagavörðum landsins, en hann vildi eigi heldur taka við honum, því að hann óttaðist upphlaup fólksins. Um þetta leyti var uppi Íslendingur sá, sem Jón hét, hinn hugrakkasti maður. „Ég veit", sagði hann, „hverjum ég vil fela hann til varðveizlu, og mun sá gæta hans trúlega". Og hann tók Tadda þegar af lífi og greftraði. Var þá uppreisnin bæld niður. Og síðan fram á okkar daga hefur guðsorð verið boðað og kennt siðlitlum mönnum samkvæmt trúarjátningunni, sem kennd er við Ágsborg.

Líf og siðir Íslendinga.

Í landinu eru aðeins þrír flokkar manna, sem nokkurs eru metnir, því að alþýða öll er svo snauð að skipakosti, að hún verður að þræla fyrir þá ríku. Í fyrsta flokknum eru þeir, sem kallaðir eru lochmaders, þ. e. a. s. dómarar, því að „loch" þýðir lög á máli eyjarskeggja. Menn þessir stjórna réttarfarinu. Eru

[1]) Þ. e. Heklu.

þeir margir, en aðeins tólf þeirra fara með réttarstjórn á ári hverju. Allir hlýða dómum þeirra og úrskurðum. Þá eru þeir, sem nefnast bonden. Þeir svara til aðalsmanna, og sá þeirra, sem flest á skipa og búfjár, hefur einnig flestum fiskimönnum og fylgjendum á að skipa. Er þetta hið eina vald, sem þeir þekkja. Þá er þriðji flokkurinn, en í honum eru biskupar og klerkar. Eru þeir fjölmennir og dreifðir um allt landið.

Margir Íslendingar eru mjög hreyknir og þóttafullir og þá einkum af líkamsburðum sínum. Ég sá einn Íslending taka upp Hamborgartunnu fulla af bjór, bera hana að vörum sér og súpa af. Varð honum ekki meira um þetta en hefði hann lyft einhverju lítilræði.

Á Íslandi klæðast konur og karlar sams konar búningi, svo að erfitt er að greina af klæðaburðinum, hvort heldur er maður eða kona. Eyjarskeggjar hafa engan hör nema þann, sem fluttur er þangað af löndum vorum. Konur eru þar fríðar sýnum, en skartgripi vantar.

Íslendingar eru allir mjög hneigðir til hjátrúar og hafa púka og anda í þjónustu sinni. Eru þeir menn einir fiskisælir, sem djöfullinn vekur að næturlagi til þess að róa til fiskjar.

Boðendur fagnaðarerindisins leggja að vísu allt kapp á að telja eyjarskeggja af þessu guðleysi. En illska þessi hefur fest djúpar rætur og situr fast í sálum þeirra, og svo mjög hefur Satan tryllt þá og töfrað, að þeir aðhyllast enga holla kenningu né skipast við fortölur. Kveður svo rammt að þessu, að sé þeim boðið fé til, heita þeir leiði og ljúfum byr og standa við heit sitt með aðstoð djöfulsins. Veit ég þessa dæmi, og verður á það drepið síðar. Líkt þessu ritar Olaus Magnus um Finnlendinga í þriðju bók sinni. Þá geta þeir og stöðvað skip með göldrum, og eins þótt byr sé hagstæður. Er það furðulegt undur, hversu Satan leikur við þá. Ráð hefur hann kennt þeim, ef skip þeirra stöðvast, en það töfralyf er búið til úr meyjarsaur, þeirrar er eigi hefur karlmanns kennt. Segir hann þeim, að ef þeir rjóði

þessu á stefni bátsins og ákveðin borð í byrðingnum, muni andinn flýja burt, þar eð hann fælist lyktina.

Að öðru leyti haga Íslendingar lífi sínu, sem hér verður sagt: Foreldrarnir kenna sonum sínum lestur og lög landsins, og hefst sú kennsla þegar í bernsku. Eru fáir karlmenn í landinu, sem ekki kunna að lesa, og margar konur kunna það líka. Þeir nota okkar stafróf, en hafa einnig aðra stafi, og eru stundum heil orð í máli þeirra rituð með þeim, og verða þau tæpast skrifuð með okkar stafrófi. Eyjarskeggjar eru vanir harðræðum og fiskisókn allt frá bernsku, enda eyða þeir ævinni við fiskveiðar. Jarðyrkju stunda þeir ekki, því að þeir hafa enga akra. Aðalfæða þeirra er fiskur, bragðvont smjör, mjólk og ostur. Í stað brauðs nota þeir fisk, sem barinn er með steini. Til drykkjar nota þeir vatn eða mysu. Íslendingar verða langlífir, þótt eigi hafi þeir lyf né lækna. Margir þeirra verða 150 ára gamlir, og ég sá öldung einn, sem sagðist vera 200 ára. Olaus Magnus segir meira að segja frá því í tuttugustu bók sinni, að Íslendingar verði 300 ára gamlir.

Fæstir Íslendingar hafa séð brauð, hvað þá bragðað það. Ef landsmenn okkar selja þeim mjöl eða korn, blanda þeir því saman við mjólk og geyma svo langa hríð og nota þetta sem lostæti fyrir heldri menn. Samsull þetta eða blöndu kalla þeir drabbel.[1])

Þjóðverjar þeir, sem verzlun reka á Íslandi, hafa bækistöðvar við höfnina í Haffnefordt, sem gerð er af náttúrunnar höndum. Slá þeir þar upp tjaldbúðum og selja vöru sína, svo sem skó, klæðnað, glervarning og hnífa og ýmsan verðlítinn varning. Eyjarskeggjar hafa lýsi, sem brætt er úr innyflum fiska og sútarar okkar og skósmiðir kannast við. Enn fremur hafa þeir á boðstólum fisk, brennistein, hvít refaskinn, smjör og fleira. Skipta þeir á öllu þessu fyrir okkar varning. Ekki er gengið að kaupum, fyrr en þeir hafa hámað í sig af kjöti okkar, víni eða bjór. Sama máli gegnir

1) Þ. e. drafla.

um konur þeirra og börn, sem jafnan eru í för með þeim, hversu mörg sem þau kunna að vera.

Þegar Íslendingar koma í kaupstaðinn, hafa þeir með sér dætur sínar, þær sem gjafvaxta eru. Er þeir hafa spurzt fyrir um það hjá kaupmönnum, hvort þeir eigi konur heima, bjóða þeir fram dætur sínar til einnar nætur fyrir brauð, kex eða aðra smámuni. Stundum láta foreldrarnir þær ókeypis, jafnvel mánaðartíma eða svo lengi sem kaupmennirnir dveljast í landi. Fari svo, að einhver þeirra verði þunguð af þessum samvistum, leggja foreldrarnir enn meiri ást á hana. Er barnið fæðist, ala þau það upp í nokkur ár, ef faðirinn skyldi koma aftur, eða þau gefa það tilvonandi tengdasyni sem heimanmund með dóttur sinni. Fyrirlítur hann slíkt alls ekki, því að þýzkt blóð rennur í æðum þess. Ef einhver stúlka á mök við Þjóðverja, nýtur hún mikillar virðingar og er eftirsótt af fleiri biðlum en áður. Sú var og tíðin, að hórdómur þótti engin svívirðing, ef ekki var um sifjaspjöll að ræða. Prestarnir hamast að vísu á móti hórdómi, og sakborningum er þunglega refsað, en landsmenn láta sér lítið segjast við það.

Ekki geyma Íslendingar vínföng þau eða bjór, sem þeir kaupa af löndum okkar, heldur fara þeir bæ af bæ og heimsækja hverjir aðra og drekka allt upp og án þess að nokkuð sé fyrir það goldið. Sem þeir drekka, syngja þeir um hetjudáðir forfeðra sinna. Ekki syngja þeir eftir neinni vissri reglu eða lagi, heldur hver með sínu nefi. Ekki telst sæmandi, að neinn standi upp frá drykkjuborðum til þess að kasta af sér vatni. Verður þá heimasætan eða einhver önnur kona að gæta borðsins og taka eftir, ef einhver gefur henni bendingu. Hún réttir þá að hinum sama kopp undir borðið. Meðan þetta fer fram, rýta hinir eins og svín, svo að ekki heyrist, hvað fram fer. Er hún hefur hellt úr koppnum, þvær hún hann og býður þeim, sem næst kennir sín, og er sá talinn afglapi, sem andvígur er þessu framferði. Þeim, sem koma í heimsókn, heilsa þeir með kossi. Ef svo ber undir, að Íslendingar sjái lýs skríða á fötum

sínum, tínir hver þær af öðrum. En lús ásækir þá mjög, vegna þess að þeir ganga ekki í línklæðum. Fyrir hverja lús, sem þannig er tínd, þakka þeir hver öðrum og taka ofan. En þessu er haldið áfram, meðan nokkur títla finnst.

Á nóttunni sefur húsbóndinn og öll fjölskylda hans, kona og börn, í einu lofti og hafa yfir sér ábreiðu úr ull. Þau liggja á sams konar brekánum, en hafa hvorki hálm né hey. Öll pissa þau í sama koppinn, og á morgnana þvo þau sér úr honum um andlit, munn, tennur og hendur. Þeir telja þessu margt til gildis og segja, að það fegri andlitið, viðhaldi kröftunum, styrki handsinarnar og verji tennurnar skemmdum. Ef búfé þeirra ferst í vatni eða snjó, sem oft kemur fyrir, segja þeir, að guð hafi deytt það, og er kjötið talið lostæti. Svo bar við árið 1564, í janúar, á stað þeim, sem Ackermisse[1]) heitir, að nokkrar kýr villtust út í myrkrið. Var svo mikið dimmviðri og kaffönn, að þær fundust ekki. Í aprílmánuði fundust þær með öllu óskemmdar og án þess að slegið væri í skrokkana. Þeim var nú skipt á milli nágrannanna. Dálítill biti var færður höfuðsmanninum, sem ég bjó þá hjá. Ekki sæmdi honum að forsmá gjöfina, en hann skipaði svo fyrir, að kjötið skyldi gefið fátækum.

Þegar sólargangur er lægstur að vetrarlagi og sólin er í merki bogmannsins, steingeitarinnar og vatnsberans, hverfur hún eyjarskeggjum með öllu. Hún rís ekki yfir sjóndeildarhring, meðan hún er nærri merki fiskanna. Hafa eyjarbúar þá enga birtu aðra en þá, er stafar frá tungli og stjörnum. Líku gegnir um sumarsólhvörf, þegar sólin er í merki tvíburanna, krabbans og ljónsins. Þá gengur hún aldrei undir, þá er engin nótt. Að vetrarlagi liggja landsmenn oft dögum saman í rúminu og æfa sig í tafli, en sú íþrótt er fundin upp af heimspekingnum Xerxes. Vinnufólkið færir þeim matinn í rúmið. Kolan logar daglangt, en sumir brenna tólgarkertum.

---

1) Þ. e. Akranes.

Jafnskjótt og sól rís yfir sjónhring í febrúarmánuði, taka dagarnir að lengjast smátt og smátt. Eyjarbúar fara þá að veiða fisk, en af honum eru slík ósköp, að ótrúlegt má þykja. Fiskarnir, er synt höfðu um í myrkrinu í þrjá mánuði, sjá nú tinfiskinn á önglinum og hraða sér upp á grynningarnar. Eru þeir ekki aðeins kræktir í munninn, heldur hvar sem öngulinn festir í þeim. Þegar fiskimennirnir hafa innbyrt þá, taka þeir úr þeim beinin, innyflin geyma þeir og gera úr þeim feiti eða lýsi. Fiskinum er staflað úti undir beru lofti, sem er svo hreint, að fiskurinn harðnar af sólu og vindi, þótt ósaltaður sé, og það betur og öruggar en þótt stráð væri í hann salti. Drepi landsmenn einhver dýr, geyma þeir kjötið án þess að salta það. Úldnar það hvorki né rotnar, en harðnar aðeins af blæstri.

Um furðulega polla, stöðuvötn og uppsprettur á Íslandi.

Víðs vegar um land allt eru laugar og sjóðheitar uppsprettur, og vella þær upp í tugatali. Jafnskjótt og vatnið tekur að kólna, sezt brennisteinsefni á yfirborðið. Vatn þetta er svo sjóðheitt, að ég gat naumast dýft í það minnsta fingri. Þó sjást rauðar duggandir synda á vatninu allfjarri. Ef menn nálgast, hverfa þær, en fari menn burt, koma þær aftur. Heldur þessi feluleikur áfram allan daginn, ef mönnum þóknast.

Í vestursveitum landsins er stöðuvatn geysistórt, kafið reyk og mjög kalt. Það breytir öllum hlutum, sem í það er varpað, í steina á fáeinum dögum. Þá er það og stórfurðulegt, að ef spýtu er stungið beint á endann niður í vatnið og fest í botni, þá breytist hún mjög. Sé hún tekin upp eftir tvo daga, hefur neðsti hlutinn, sem stóð í botnlaginu, fengið hörku og útlit járns, sá hlutinn, sem var í vatninu, er harður sem grjót og líkastur því, en það, sem upp úr stóð, hefur ekki breytt um mynd. Ég sannreyndi þetta tvisvar sinnum, en þegar ég stakk neðsta hlutanum

(sem líktist járni) í eld, svo að hann bráðnaði, þá brann hann sem kol.

Á stað þeim á ströndinni, sem heitir Turlockshaven,[1]) eru tvær uppsprettur ólíks eðlis, önnur heit, en hin köld. Er vatn leitt úr þeim eftir pípum í baðlaug eina og blandað svo, að hæfilegt sé. Er afar heilnæmt að baða sig þar. Ekki allfjarri þessum uppsprettum er önnur lind, sem vellur úr eins konar vökvi. Er það mjög merkilegt, því að hann er öruggt lyf gegn sárasóttinni, sem algeng er á eynni.

Skammt frá Hanefordt[2]) er mikil klettagjá, og er sem ómælisdjúp sé þar niðri. Ef horft er niður í gjána, sést ekki í vatnið. En ef steini er kastað niður, má heyra skvampið eftir hálfa klukkustund, og er það einna líkast því sem steinninn hefði lent á eirkerum. Hækkar nú vatnið skyndilega og rís alveg upp á gjábarma. Vatnið er altært, en engu síður þorir enginn að snerta það eða bragða á því. Ekki rennur það út af börmunum, en sígur aftur til botns á jafnlöngum tíma og steinninn, sem varpað var í gjána. Annað stöðuvatn er á miðri eynni, og stígur upp frá því eitureimur. Drepast fuglar þeir, sem yfir það fljúga, af eitrinu.

Um undarleg fjöll á Íslandi.

Þrjú fjöll eru á Íslandi, sem dásamleg mega kallast. Heitir eitt Krossfjall og annað Snevelsjockel.[3]) Bæði eru þessi fjöll svo há, að þau gnæfa upp úr skýjunum, og hefur enginn maður séð tinda þeirra, enda eru þeir jafnan þaktir ísi og snjó. Má sjá eldingar og heyra þaðan hræðilegar þrumur, þótt veður sé gott og bjart í dölunum umhverfis, svo sem oft er að sumarlagi. Þriðja fjallið er norðan til á eynni. Það er ekki mjög hátt, en hefur logað í mörg ár. Ókunnugt

1) Þ. e. Þorlákshöfn.
2) Þ. e. Hafnarfirði.
3) Þ. e. Snæfellsjökull.

er, hvers konar eldur þar er eða hver efni það eru, sem þar brenna. En með því að brennisteinn er grafinn úr jörðu víðs vegar um landið, mætti ætla, að stundum kviknaði í honum. Fjallið stendur nærri sjó, og lemur særinn eina hlið þess. Fjall þetta heitir Hekla. Stundum spýr það eldi, stundum logandi vatni og síðan svartri ösku og vikri og með þeim ódæmum, að sólin sortnar. Enginn maður getur hafzt við nær fjallinu en í sex mílna fjarlægð, og engin beitilönd eru þar í grenndinni. Stundum kemur það fyrir, að ofdirfskufullir menn og þeir, er eigi hirða um líf sitt, varpa steinum í gígina, því að stundum er fjallið undra kyrrlátt. Það er einkum í vestanvindi, að fjallið þeytir aftur upp steinum þeim, sem niður var kastað, og fylgir því hræðilegur hávaði og óhljóð. Alþýðan trúir því, að sálir fordæmdra séu kvaldar þarna niðri. Og víst er það, að ýmsir hryllilegir andar hafa sézt á fjallinu og umhverfis það. Ef orusta er háð einhvers staðar, vita Íslendingar, og þó einkum þeir, sem eru á sjó nærri Heklu, hvenær barizt var, enda þótt þeir viti ekki, hvar það var. Þeir telja sig sjá hina illu anda koma úr fjallinu, halda þangað aftur og taka sálirnar með sér. Þessi saga er kunn um allt Ísland:

Fiskimaður, er var á siglingu skammt frá Heklu, mætti þar öðru skipi, og sigldu hvorir tveggja hagstæðan byr. Fiskimaðurinn spurði sem sjómanna er háttur, hver hinn væri og hvaðan. Svaraði hinn því til, að hann hefði Brimabiskup innanborðs og ætlaði að flytja hann til Heklu. Það er kunnugt, að Brimabiskup dó þennan dag, en ekki vil ég ábyrgjast sannindi þessarar sögu. Menn, sem drukkna eða deyja á annan hátt, birtast stundum vinum og kunningjum. Ef þeir eru spurðir, hvaðan þeir komi og hvert þeir séu að fara, verða þeir daprir mjög og svara því til, að þeir dveljist í Heklu hjá hinum grimma húsbónda, djöflinum. Síðan hverfa þeir. Og svo eru landsmenn blekktir og tældir af Satan, að þeir ætla, að þetta séu sálir hinna framliðnu.

Þótt enginn vitiborinn maður trúi því, að Helvíti sé í fjalli þessu, er þó réttmætt að spyrja hins, hvaðan fjallinu

sé komið efni það allt, er logar þar árum saman og sendir frá sér slík feikn af ösku og vikri. Við vitum, að hinir efnistraustustu hlutir — og reyndar hvað sem er — eyðast í eldi. Þess vegna álíta sumir, að reka hljóti að því að logar þessir slokkni, því að sé orsökin brott numin, geti engin afleiðing komið til greina. Skal ég nú skýra frá minni skoðun án þess þó að vega að skýringum annarra. Það er augljóst af hinum vatnskenndu loftsteinum, að vatn er stöðugt að skapast úr gufum þeim, sem safnast fyrir í holrúmum jarðarinnar, — og eru uppspretturnar þaðan komnar. Hér eru hinar virku, efniskenndu orsakir stöðugt fyrir hendi, svo að afleiðingarnar verða ekki umflúnar. Þá eru sérstakir staðir í iðrum jarðar, sem samkvæmt eigin eðli draga í sig alla heita og þurra útgufun, sem leysist svo upp í loga, ösku og vikur. Gæti slíkt auðveldlega gerzt í þessu fjalli af völdum brennisteins, en hann er mjög algengur í landinu. Og svo sem uppspretturnar gefa frá sér meira vatn að vetrarlagi en á sumrin, þegar þurrkar eru meiri, þannig kann því að vera háttað um fjallið. Þegar efniviður brestur, svo sem stundum kemur fyrir, eru þar engir eldar né reykur. Allt er kyrrt, og virðist þá sem efniviður og virkar orsakir séu ekki fyrir hendi. Hvernig sem þessu er varið, veit ég hitt, að enginn kemst hættu- né óttalaust að rótum þessa fjalls, og skal nú nánara frá því greint.

Það var hinn 29. nóvember, árið, sem ég dvaldist á Íslandi, að logi gaus upp úr hafinu nærri Heklu. Þetta var um miðnætti og loginn svo mikill, að hann lýsti upp allt landið. Við vorum allir agndofa og undrandi og hugðum vandlega að, hvaðan eldurinn stafaði. Eldri mennirnir, sem kunnu betri skil á þessu, sögðu, að hann kæmi frá Heklu. Klukkustundu síðar lék öll eyjan á reiðiskjálfi, eins og henni hefði verið kippt af grunni. Eftir jarðskjálftann komu ægilegir brestir og skruðningar svo miklir, að þótt hleypt hefði verið af öllum fallbyssum heims, hefði það verið smáræði eitt hjá þessum ógnum. Það er ekki hægt að hugsa sér og því síður að tjá með orðum, hversu ægilegt það var. Við

héldum, að jörðin væri að fara úr skorðum og dómsdagur kominn. Síðar varð það kunnugt, að sjórinn hefði þornað um tvær mílur frá þessum stað og að það svæði væri þurrt.

Á ákveðnum tíma árs, einhvern tíma í júlíbyrjun, kemur skyndilega mikil hafísbreiða upp að landinu í grennd við Heklu. Orðrómur gengur um það á eynni, og því er meira að segja trúað, að sálir fordæmdra séu pyntaðar til skiptis á ísnum og í logum fjallsins. Ísinn er á reki þarna í þrjá mánuði og aðeins umhverfis Heklu. Ef tekinn er ísmoli úr sjónum, vafinn innan í léreftsdúk og geymdur síðan í kistu, helzt hann óbráðinn eins lengi og ísinn er þarna á reki. En hverfi ísinn frá landi, svo sem gerðist skyndilega eina nóttina, þá hverfur ísmolinn jafnskjótt og skilur engan raka eftir sig í léreftsdúknum. Mun Satan ekki verða skotaskuld úr því að láta ísinn hverfa, án þess að nokkur raki sé eftir skilinn, og auka á þennan hátt vantrú landsmanna. Olaus Magnus getur um ís þennan í elleftu bók sinni. Ég ákvað að rannsaka þetta allt vandlega og sigldi að ísnum óttasleginn mjög. Ég veitti því eftirtekt, að vindurinn lamdi honum ofsalega við klettana, og varð af því ömurlega dapurt hljóð í fjarska, svo sem neyðarýlfur bærist manni til eyrna. Af þeim ástæðum ætla Íslendingar, að sálir fordæmdra séu kvaldar í ísnum.

Um auðæfi Íslendinga.

Ég hef áður skýrt frá því, að Ísland væri hrjóstrugt og snjóasamt land og auk þess klettótt og grýtt, enda er enginn akur á allri eynni. Eyjarskeggjar eiga ekki einu sinni garða til þess að rækta súpujurtir og belgávexti. Þeir hafa engar korntegundir og hvorki epli, perur né kirsuber eða neina ávexti, sem vaxa á trjám. Hitt er þó enn ótrúlegra, að þeir hafa hvorki brauð né salt, en eru þó laglegir útlits og sterkir. Engin er borg á allri eynni, og sjaldan standa tveir eða þrír bæir saman.

Kot sín hafa þeir við ströndina vegna fiskveiðanna, — og eru þau neðanjarðar vegna hinna feiknalegu storma.

Ekki hafa landsmenn neina ást á peningum, því að vörum er jafnan skipt gegn vörum. Brennisteinn vex í miðhluta landsins, — og má nærri því segja, að hann sé um land allt, og eru grafin upp feiknin öll af honum. Landsmenn hreinsa hann og selja við lágu verði. Hvorki hafa þeir gull- né silfurnámur eða nokkra aðra málma. Þeir nota að vísu járn, en aðeins það, sem inn er flutt. Vandfundinn mun sá maður, sem ekki hefur járnnagla í poka sínum, en með þeim festa þeir skeifur undir hesta sína.

Hús þeirra eru öll neðanjarðar, vegna þess að byggingarefni skortir. Á allri eynni er enginn trjágróður nema birki, og er það aðeins á einum stað. Það verður aldrei meira en mannhæðarhátt sökum hinna ofsalegu vinda. Birki þetta fer fyrst að bruma eftir sumarsólhvörf. Blöðin hafa mjög ljúfan ilm og slíkt angandi bragð, að Þjóðverjar skreyta oft með þeim tjöld sín og mat til sérstaks yndisauka. Stundum kemur þó að Íslandsströndum gnægð af furutrjám frá Tartaríu og víðar að. Öldur og ís flytja þau til landsins. Landsmenn nota þau einkum til þess að byggja neðanjarðarklefa, því að hús hafa þeir sjaldan ofanjarðar sökum veðurofsa. Er stundum svo hvasst, að hestar og reiðmenn fjúka um koll. Eyjarskeggjar eiga mikið af smjöri, því að grasið er kjarngott. Kveður svo rammt að því, að eftir nokkurn tíma verður að reka nautgripina úr haganum, svo að þeir springi ekki. Ilmurinn af grasinu er svo þægilegur, að landar okkar stinga því oft í kistur sínar, þar sem þeir geyma fatnað sinn. Flestir eyjarskeggjar geyma smjör sitt afsíðis, einhvers staðar úti í horni á húsum sínum og salta það ekki. Þeir geyma það líkt og við kalk eða annað þess háttar, og er það nokkuð vegna ílátaskorts. Þeir hafa tamda gripi, svo sem kýr, en margar þeirra eru kollóttar. Hestar þeirra eru allir vekringar og vel fallnir til áburðar. Margt er um sauðfé, en hvorki svín né hænsni sökum kornskorts. Ef fóður eða hey þrýtur að vetrarlagi, ala þeir búpening sinn

á fiski. Þeir eiga stríhærða hunda, eyrna- og skottlausa, og hafa þá sér til gamans. Landsmenn hafa miklar mætur á hundum sínum og selja þá dýrt, þótt þeir hins vegar bjóði börn sín hverjum, sem hafa vill, og það meira að segja ókeypis. Auk þessa eru á eynni hvítir refir og feiknastór bjarndýr eins á lit. Engir fuglar eru þar nema sundfuglar, en af þeim eru margar tegundir, sem okkur eru ókunnar. Hrafnar verða þar stundum hvítir. Fálkar eru þar og ágætir, og eru sumir þeirra hvítir. Verja Spánverjar og Portúgalar stórmiklu fé til þess að ná þeim. Þeir eru einnig fluttir út í tugatali, og gerðist það m. a., meðan ég dvaldist á Íslandi, og hafði ég af því mikinn hagnað. Einnig eru á Íslandi hvítar akurhænur. Þá eru víðs vegar um eyna mjög skemmtilegar ár, sem veita íbúunum gnægð fisks, svo sem lax, silung og styrju. Aðeins ein brú er til á landinu, og er hún gerð úr hvalbeini. Þeir, sem vilja fara landleiðina úr einum landshluta í annan, geta ekki fylgt neinum vegi eða götuslóða, því að miðbik landsins er svo afskekkt. En fari þeir sjóleiðina, geta þeir komizt leiðar sinnar með því að nota áttavita. Sjávardýpi er geysimikið við Ísland. Í hyljum þessum eru feiknastórir hvalir og alls kyns sæskrímsli, sem menn fá hvorki veitt né drepið. En vindum knúinn ís lemur þeim stundum upp við klettana og drepur þau. Sá ég eitt slíkt skrímsli, þar sem það lá dautt í fjörunni. Það var 30 álnir á lengd og hærra en stærsta bugsverð.

Reki dauðan hval eða sé hann drepinn, nota eyjarskeggjar beinin til húsasmíða og sýna í því mikla lagni og hagleik. Þeir smíða einnig úr þeim sæti, borð, bekki og ýmis áhöld og fægja þau, svo að þau líkjast fílabeini. Sagt er, að þá, er sofa í slíkum húsum, dreymi jafnan skipbrot. Þó að hvalurinn sé geysistór og hættuleg skepna og afar sterkur, ber það oft við, að aðalóvinur hans, sem orca kallast, stenzt honum ekki aðeins snúning, heldur sigrast á honum. Orcan er þó minni en hvalur. Líkist hún einna helzt skipi á hvolfi. Á bakinu eru langir og hárbeittir uggar, og

notar hún þá til þess að særa hinn viðkvæma kvið hvalsins og drepa hann. Hvalurinn óttast þennan fisk svo mjög, að hann æðir á sker og grynningar á flótta undan honum.

Þá er og í Íslandshafi enn ein nafnlaus ófreskja. Við fyrstu sýn virðist hún einna áþekkust hvölum. En er hún rekur höfuðið upp úr sjónum, verða menn lostnir slíkri skelfingu, að þeir hníga niður sem dauðir. Í ferhyrndum hausnum eru rauðglóandi augu, en stór horn á báðar hliðar. Skrokkurinn er kolsvartur og alsettur göddum. Sjáist ófreskja þessi um nætur, brennur svo ferlegur eldur úr augum hennar, að hann lýsir upp allt höfuðið og það, er upp úr stendur. Geta menn hvorki málað eða gert sér í hugarlund neitt, er sé jafn ógurlegt. Olaus Magnus minnist á þessa ófreskju í tuttugustu bók sinni og segir hana tólf álnir á lengd. Ekki er langt síðan ófreskja þessi reif fiskibát sundur í tætlur með tönnunum. Þrír menn voru á bátnum og drukknuðu tveir þeirra, en einn komst af. Hafði hann færishönk í hendi, sem hann var vanur að nota við veiðarnar, og náði tökum á borði, er flaut á sjónum. Bjargaðist hann þannig frá drukknun, komst upp á byrðingsbrakið og svamlaði áleiðis til lands. Hann sagði landsstjóra konungs frá þessu að mér viðstöddum og bætti því við, að himnafaðirinn hefði bjargað sér; hann ætti fyrir börnum að sjá, sem annars mundu deyja úr hungri, en hinir báðir hefðu verið barnlausir, þótt giftir væru.

Þá er önnur ófreskja, sem oft sést og veiðist. Er hún tíu eða tólf álna löng og nefnist hackal[1]) og mjög feit. Hún er veidd með furðulegum aðferðum. Eyjarbúar festa járnflein á langa stöng. Er agnhald á fleininum, svo að hann situr fastur í sárinu. Þeir binda nú geysilanga taug við stöngina. Þegar ófreskjan sér mennina á litlu bátunum, syndir hún að þeim til þess að leita sér að bráð. Þá skjóta þeir hana með þessu spjóti. Jafnskjótt og hún kennir áverkans, leitar hún niður í djúpið og deyr þar af blóðmissi.

1) Þ. e. hákarl.

Þá draga fiskimennirnir hana í land á tauginni, er fest var við skutulinn.

Auk þessa eru ýmis fleiri sækvikindi. Hundfiskurinn rekur höfuðið upp úr sjónum og geltir. Hvolpar hans leika sér í sjónum öðru hverju, en hann stingur þeim aftur í kvið sér, svo að þeir hljóti þar meiri þroska. Í sjónum eru einnig hestar, kýr og hvaðeina, og er það dásamlegt, hvernig hin margvísa náttúra leikur sér að því að skapa eftirmyndir allra landdýra og fugla í sjónum. Þó gæti enginn sannfært mig um, að allt þetta væri satt, enda þótt tíu Aristótelesar héldu því fram, hefði ég ekki sjálfur séð það flest með eigin augum. Þess vegna skyldi enginn maður lýsa því yfir, að það, sem hann þekkir ekki, sé uppdiktan ein.

Lýbikumenn, Hamborgarar og Brimarar voru vanir að sigla til eyjarinnar og skilja verzlunarþjóna sína þar eftir til vetursetu. En nú hefur konungur skipað svo fyrir, að enginn Þjóðverji megi hafa þar starfsmenn að vetrarlagi, hvorki í verzlunarskyni né til þess að læra tungu landsmanna. Orsök þessa er sú, er nú skal greina: Á því drottins ári 1561 var Hamborgari nokkur, sem hét Conradus Bloem, skilinn eftir á Íslandi af félaga sínum, og hafði hann vetrarvist hjá biskupnum í Scalholden. Rak hann þar verzlun og lagði stund á tungu landsmanna. Vermenn biskups fundu óskaddað einhyrningshorn á ísnum. Menn ætla, að hann sé kominn frá Grænlandi, og er sagt, að einhyrningar séu þar enn til. Þeir hugðu þetta hvaltönn og færðu biskupi, húsbónda sínum. Var biskup einnig sömu skoðunar og gaf hana Conradusi, er hann beiddist þess. Conradus var bragðarefur og seldi tönnina síðan í Antwerpen fyrir nokkrar þúsundir flórína. Þegar Danakonungur frétti þetta, bannaði hann, að nokkur Þjóðverji skyldi fá vetrarvist á Íslandi, hversu sem á stæði.

Um dómstörf Íslendinga.

Í miðju landi er mjög yndislegur staður, og segja má, að það sé sannkölluð Paradís að vorlagi. Þarna var hátt fjall, sem eitt sinn logaði hið innra, líkt og Hekla nú. Var það sá efniviður, er sléttan er gerð af. Klettarnir, sem stóðu umhverfis fjallið, gnæfa þarna enn, og því er þessi staður sem girtur af náttúruhöndum, og þeir, sem þangað fara, verða að ganga þangað í halarófu hver á eftir öðrum. Staður þessi er víðkunnur fyrir tvo mikla fossa. Tvær ár renna þar fram af geysiháum hömrum og steypast þráðbeint niður hvor gegnt annarri. Skellur vatnið á klöppunum með furðulegum og ægilegum ofsa. Árnar renna saman á miðjum vellinum, mynda þar stóra hringiðu og sogast niður í jörðina.

Á ári hverju, hinn 29. júní, koma hingað þeir Íslendingar, sem eiga í málaferlum, því að engin dómstörf fara fram á öðrum stað né tíma. Þegar þeir eru komnir, eru verðir settir úr fylgdarliði landstjórans, og er öllum leyft að koma inn, er óska þess, en enginn má fara án leyfis eða heimildar landstjórans. Er menn hafa safnazt saman, lætur landstjórinn lesa upp embættisbréf sitt opinberlega til þess að skapa þannig virðingu og hollustu gagnvart stöðu sinni. Hann ræðir nú um velvild konungs og sína í garð landsmanna og hvetur þá til þess að auðsýna öllum réttvísi, hver sem í hlut eigi. Síðan fer hann á brott og dvelst í tjaldi sínu. Dómararnir tólf, sem kallaðir eru lochmaders,[1]) hlýða nú messu. Síðan setjast þeir niður á jörðina, og hefur hver þeirra bók í hendi, þar sem á eru rituð lög eyjarinnar á þjóðtungunni. Þegar lögsóknir og varnir hafa farið fram, ganga þeir afsíðis, hver á sinn stað. Hver um sig les þá bók sína vel og vandlega. Síðan koma þeir aftur saman. Þeir hafa engan ritara, koma sér ásamt og kveða upp dóm sinn, en gagnsvör, lagakrókar og bellibrögð vefjóttra lögfræðinga

1) Þ. e. lögmenn.

eiga þar ekkert friðland. Ef eitthvert vandamál ber að höndum, er það borið undir landstjórann, en aðeins í virðingarskyni, því að þeir gefa honum enga heimild til dómsuppsagnar.

Þjófnaðar- og saurlífismál eru mjög algeng, en ekki er minnzt á skuldabréf, laun, erfðalönd eða fjárupphæðir. Um þau atriði rísa engar deilur. Einn þessara tólfmenninga er yfirmaður hinna, og eru þeir allir í miklum metum hjá landsmönnum. Þeir rannsaka og dæma öll opinber deilumál, þeir ákveða refsingu fyrir hvern glæp, sem drýgður er á árinu, hvort heldur er morð, þjófnaður, saurlífisbrot eða búfjárrán, sem er harla títt fyrirbæri.

Þeir, sem dæmdir eru til lífláts, eru hálshöggnir. Sumir, sem refsa á, eru brennimerktir. Sú refsing er mjög þungbær, því að þeir eru brennimerktir á ennið og skipað í illmennatölu. Aðrir eru hýddir með vendi. Ég sá feðga tvo, sem hafðir voru í haldi fyrir þjófnað (þeir höfðu stolið kvikfé). Faðirinn var neyddur til þess að hýða son sinn með vendi, og síðan var hann sjálfur hálshöggvinn.